

Konunglegt leyfisbrjef *ad mandatum* til ættleiðingar. — Með brjefi 72
dags. 30. maí var umboðsmanni Stepháni Stephensen og konu hans frú Önnu
Stephensen, f. Melsted, leyft að ættleiða stúlkuna Mariu Kristínu Thoroddsen,
fædda 20. sept. 1883, þannig, að nefnd stúlka skuli álitast sem ættleiðenda eigið
barn, og hljóta ættarnafnið Stephensen.

Brjef landshöfðingja til *amtmannsins* í norðuramtinu og austuramtinu 73
um sjerstakt manntalsþing fyrir Mjóafjarðarhrepp. — Eptir að hafa fengið 27. júlí.
þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 8. þ. m., og skjöl þau,
er því fylgdu, vil jeg hjer með, samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í
Mjóafjarðarhreppi, er hlutaðeigandi sýslumaður og sýslunefnd hefur lagt með,
veita samþykki til, að Mjóafjarðarhreppur verði eptirleiðis sjerstök manntals-
þinghá með þingstað að Brekku, og sjái hreppsnefndin fyrir hæfilegu húsnæði
til þinghaldanna.

Viðvíkjandi spurning yðar um þingstaðinn í Norðfjarðarhreppi skal
yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að hreppsnefndin þar verður einnig að
sjá fyrir hæfilegu húsnæði til manntalsþinga í þeim hreppi á þingstaðnum
Skorrastað, og skal það tekið fram, að ekki er fram komin nein beiðni um
flutning þingstaðarins þaðan.

Brjef þetta gjörir enga breyting á skipun dómsþingháa í Suður-Múla-
sýslu.

Brjef landshöfðingja til *biskups* um flutning kirkju. — Samkvæmt tillögum 74
yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dags. 24. f. m., og eptir að löglegt 23. ágúst.
samþykki hjeradsfundar er þar til fengið, vil jeg hjer með eptir ósk meiri hluta
hlutaðeigandi safnaðar, samkvæmt 4. gr. í lögum nr. 3, 27. febr. 1880, veita
samþykki mitt til þess, að kirkjustaðurinn að Hálsi í Hamarsfirði verði lagður
niður, og kirkja fyrir sóknina verði reist á verzlunarstaðnum Djúpavog, í stað
kirkju þeirrar, er fauk á Hálsi í ofviðri 9. marz 1892, og nefnist sóknin síðan
Djúpavogssókn.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbein-
ingar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til *sýslumannsins* í Vestmannaeyjasýslu um hlunnindi 75
handa sparisjóði. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi sparisjóði í Vestmanna- 9. sept.
eyjum hlunnindi þau, sem nefnd eru í tilsk. 5. jan. 1874, um 5 ára tímabil, frá
1. okt. 1893 að telja, með venjulegum skilyrðum.

Brjef landshöfðingja til *bæjarfógetans* í Reykjavík um sektir samkvæmt 36. 76
gr. farmannalaganna. — Út af fyrirspurn yðar, herra bæjarfógeti, í þóknanlegu 18. sept.
brjefi, dags. 7. þ. m., skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg, sam-
14. dag októberbermán. 1893.